

G J A L D S K R Á

fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

1. gr.

Lendingargjöld.

A. Innanlandsflug:

Fyrir lendingar á flugvöllum eða flughöfninni skal greiða kr. 18.00 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 9.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Minnsta gjald er kr. 30.00.

B. Millilandaflug:

Fyrir lendingar á flugvöllum eða flughöfninni skal greiða kr. 83.00 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 41.50 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Minnsta gjald er kr. 138.35.

2. gr.

Flugskýlisleiga.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 108.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 15.00 á fermetra á mánuði, en kr. 150.00 á fermetra á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring		Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr.	30.00	kr. 300.00
12—15 —	—	75.00	— 600.00
15—18 —	—	120.00	— 900.00
18—21 —	—	165.00	— 1200.00
21—24 —	—	210.00	— 1500.00
24—27 —	—	240.00	— 1800.00
27—30 —	—	270.00	— 2100.00
yfir 30 —	—	300.00	— 3000.00

3. gr.

Stæðis- og festargjöld.

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst., en fyrir næstu 24. klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	
Undir 12 m	kr.	30.00
12—18 —	—	60.00
18—24 —	—	90.00
24—30 —	—	120.00
yfir 30 —	—	135.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvéla-stæðum.

Sjóflugvélar greiði sömu gjöld fyrir að liggja við legufæri sjóflughafnarinnar.

4. gr.

Leiga fyrir skemmur og bragga.

Mánaðarleiga kr. 5.25 fyrir fermetra af gólfleti eða sem hér segir:

Stórar vöruskemmur, 300 m ²	kr. 1500.00	á mánuði
Stórir braggar, 110 m ²	— 570.00	—
Venjulegir braggar, 55 m ²	— 285.00	—

5. gr.

Leiga fyrir steinsteypa fleti.

Ársleiga kr. 7.50 á fermetra.

6. gr.

Ársleiga kr. 6.00—21.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

7. gr.

Gjald af flugvélabenzíni.

A. Innanlandsflug:

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvælinum eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvælinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlíttra	kr. 0.27
Á hvert U.S.-gallon	— 1.02

B. Millilandaflug:

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvælinum, eða frá honum til notkunar í millilandaflugi, skal greiða flugvælinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlíttra	kr. 0.4158
Á hvert U.S.-gallon	— 1.567

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði nr. 119 3. nóvember 1961 ásamt breytingum nr. 81 12. marz 1966.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1967.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.